

## Stjórnarfundur 29. apríl 2019

Mættir: Hjörtur Bergstað, Marianna Gunnarsdóttir, Leifur Einarsson, Sigurbjörn Þórmundsson, Heiðrún Sigurðardóttir, Svafar Magnússon og Einar Gíslason.

*Málefni tekin fyrir:*

### 1. Fundargerðir síðustu funda

Fundargerðir síðustu stjórnarfunda bornar upp og þær samþykktar samhljóða.

### 2. Almennadalur

Hjörtur fundaði með ráðamönnum Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar þar sem rætt var um framkvæmdafé til Almennadals fyrir árið 2019. Framkvæmdastjóri mun auglýsa eftir hugmyndum frá Fákssfélagum um brýnar og hagnýtar framkvæmdir í Almennadal.

### 3. Ársreikningur

Hjörtur, Leifur og Marianna funduðu með Berglinni Ragnarsdóttur bókara og fóru yfir ársreikning Fákss og reiðhallarinnar. Bent var á nokkrar leiðréttinga sem þarf að gera áður en þeir verða lagðir fram á aðalfundi.

### 4. Starfsmaður Fákss

Rætt um starfsmannamál hjá Fákí. Stjórn samþykkir að leitað verði leiða til að ráða auka starfsmann í ýmis störf hjá félaginu.

### 5. Almennadalsmót

Almennadalsmótið er á dagskrá 11. maí nk. Mótanefnd Fákss skipuleggur mótið en stjórn fer fram á að skráningagjald verði það sama og skráningagjöld vetrarmóta félagsins. Einnig að skráning fari fram í gegnum Sportfeng og að þátttakendur verði að vera félagsmenn í hestamannafélagi – opið mót.

### 6. Aðalfundur

Samþykkt að setja aðalfund Fákss á dagskrá 14. maí nk. kl. 20. Framkvæmdastjóri sér um að auglýsa fundinn á löglegan hátt. Einnig þarf að auglýsa eftir fólki í stjórn en þrír stjórnarmenn hafa ákveðið að láta af störfum á fundinum.

### 7. Reiðmaðurinn

Rætt um beiðni umsjónarmanns Reiðmannsins hjá Lbhí að fá aðgang að TM reiðhöllinni næstkomandi vetur fyrir námskeið. Stjórn samþykkir beiðnina og felur framkvæmdastjóra að ganga frá samningum vegna þessa.

### 8. Viðburðir framundan

Mikið af viðburðum eru næstu tvær vikurnar; Æskan og hesturinn 4. maí, Hlégarðsreið 4. maí, Almennadalsmót 11. maí og Harðarmenn ríða í heimsókn 11. maí. Framkvæmdastjóri sér um að allir viðburðir verði vel auglýstir.

*Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.*

*Fundargerð ritaði Heiðrún Sig.*

